

Málefni: Erindi vegna innheimtu seðilgjalds

I. Erindið

Póst- og fjarskiptastofnun var framsent frá Samkeppnisstofnun erindi A, dags. 9. febrúar 2004. Í erindinu er lögð fram fyrirspurn um lögmæti þess að innheimta seðilgjald á símreikningum og Síminn kærður fyrir ólöglega innheimtu seðilgjalds.

Málavextir eru þeir að Síminn sendir áskrifendum sínum sem þess óska, reikninga fyrir símanotkun í pósti. Síminn innheimtir seðilgjald að upphæð kr. 150 fyrir útsendingu þessara reikninga. A er áskrifandi hjá Símanum og fær hann reikninga senda heim.

A sendi Samkeppnisstofnun fyrirspurn þann 27. júlí 2003, um lögmæti þess að innheimta seðilgjald. Því erindi var svarað með vísan til úrskurðar Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, 6. september 2001, í máli nr. 4/2001, Landssími Íslands hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun. Í þeim úrskurði komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Símanum væri heimilt að innheimta seðilgjald. A sendi Samkeppnisstofnun nýtt erindi, dags. 9. febrúar 2004, þar sem farið er fram á nýja úrlausn málsins, þar sem lög um fjarskipti nr. 107/1999 sem byggt var á í úrskurði úrskurðarnefndar væru fallin úr gildi. Farið var fram á að erindinu yrði svarað á grundvelli 38. gr. núgildandi laga um fjarskipti nr. 81/2003.

A færir þau rök fyrir kröfu sinni að orðalag 38. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 sé annað en orðalag 30. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og í nýju lögunum séu tekin af öll tvímæli um að áskrifendur alþjónustu eigi rétt á að fá sundurliðaða reikninga án þess að borga neitt. A spyr einnig að því hvort það teljist eðlilegt að innheimt sé kr. 150 vegna útsendingarkostnaðar reiknings. Hann kveðst ekki þekkja til að slíkt gjald sé innheimt þar sem venjuleg samkeppni í viðskiptaheiminum tíðkast, heldur aðeins þar sem engin eða takmörkuð samkeppni eigi sér stað.

II. Athugasemdir Símans

Síminn fékk erindi A til umsagnar og bárust athugasemdir fyrirtækisins með bréfi dags. 16. febrúar sl. Síminn vísar til fyrrnefnds úrskurðar frá 6. september 2001 þar sem kveðið var á um að innheimta seðilgjalds væri heimil. Síminn telur löggjafann hafa tekið af öll tvímæli um að innheimta seðilgjalds væri heimil með lögfestingu ákvæðis 1. mgr. 38. gr. laga nr. 81/2003 sem er svohljóðandi:

Áskrifendur talsímaþjónustu eiga rétt á að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða eftir þjónustu og skulu áskrifendur alþjónustu eiga rétt á slíkum reikningum án þess að greiðsla komi fyrir.

Vísað er til þess sem segir um ákvæðið í athugasemdum með frumvarpi til fjarskiptalaga:

Gerð hefur verið breyting á 1. mgr. frá gildandi lögum. Ákvæðið um að áskrifendur skuli eiga rétt á reikningum fyrir fjarskiptaþjónustu sundurliðuðum eftir tegund þjónustu þeim að kostnaðarlausu gildir nú eingöngu um alþjónustu, enda byggist ákvæðið á 10. gr. og I. viðauka alþjónustutílskipunarinnar. Í ákvæðinu felst að óheimilt er að innheimta sérstakt gjald fyrir reikningagerðina sem slíka, en það útilokar ekki að innheimtur sé kostnaður við útsendingu reikninga.

Síminn bendir ennfremur á að viðskiptavinum fyrirtækisins býðst að skrá sig í netreikning á þjónustuvef Símans og geta þeir með þeim hætti komist hjá greiðslu seðilgjalds.

III. Niðurstaða

Erindi A er orðað svo að annars vegar er um að ræða fyrirspurn og hins vegar kærur. Samkvæmt 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun geta neytendur beint kvörtunum til stofnunarinnar ef þeir telja að fjarskiptafyrirtæki brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti. Stofnunin leysir úr slíkum málum með ákvörðun. Litið er á erindi A sem kvörtun í skilningi 10. gr. og verður því úr því leyst með ákvörðun.

Mál þetta snýst um túlkun á fyrrnefndri 1. mgr. 38. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Samkvæmt ákvæðinu segir að áskrifendur skuli eiga rétt á sundurliðuðum reikningum án endurgjalds. Ekki er tekið fram á hvaða formi þeir skulu vera eða hvernig afhendingu þeirra skuli háttáð. Það er því erfitt að ráða af orðalagi ákvæðisins einu saman hvað við er átt. Hins vegar er það sagt berum orðum í athugasemdum með ákvæðinu að það útiloki ekki að innheimtur sé kostnaður við útsendingu reikninga. Styðjast verður við þessa skýringu við túlkun ákvæðisins og því verður að álykta að samkvæmt ákvæðinu sé heimilt að taka gjald fyrir útsendingu reikninga. Því til stuðnings má einnig nefna að í fyrrnefndum úrskurði Úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála er tekið fram að ef lögfesta eigi efnisreglu um bann við töku sérstaks útsendingargjalds vegna símreikninga þurfi að kveða skýrt á um það.

Í erindinu er spurt hvort eðlilegt þyki að innheimt sé kr. 150 vegna útsendingar reikninga. Stofnunin leggur ekki mat á það hvað almennt teljist eðlilegt í þessum efnum. Löggjafinn hefur þegar tekið afstöðu til þess með setningu lagaákvæðis um málefnið. Varðandi upphæð gjaldsins er það að segja að ekki hefur verið farið fram á nákvæma greiningu á því hvaða kostnaður liggur því að baki, en gjaldið virðist í samræmi við það sem tíðkast hjá öðrum fyrirtækjum sem innheimta seðilgjald.

Með vísan til ofangreinds er það ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar að Símanum sé heimilt að innheimta gjald fyrir útsendingu reikninga.